

Fimmtudaginn 18. september 1997.

Nr. 164/1996.

Olíusamlag Keflavíkur og nágrennis

Óskar Þórhallsón

Hilmar Magnússon

Þorsteinn Erlingsson

Eiríkur Tómasson

Pétur H. Pálsson og

Guðjón Ólafsson

(Jón Finnsson hrl.)

gegn

Guðmundi Guðmundssyni

(sjálfur)

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Kröfugerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1996. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, „að hann verði sýknaður af öllum kröfum áfrýjenda og staðfestur verði dómur héraðsdóms um, að áfrýjanda, OSK (Olíusamlagi Keflavíkur og nágrennis), beri að miða útreikning vaxta á stofnsjóðsinnstæðu gagnáfrýjanda, Guðmundar Guðmundssonar, við framreiknaðan og síðan endurmetinn stofnsjóð. Í dómi Hæstaréttar verði tekið tillit til þess, að stjórnendur eru ábyrgir gerða sinna gagnvart hluthöfum (eigendum) OSK. Því ber að vísa sök þeirra aftur til héraðsdóms, hvað varðar ólöglega úthlutun arðs, og dæma aftur í máli þeirra eða Hæstiréttur dæmi þá seka og þar með bótaskylda gagnvart gagnáfrýjanda“. Þá virðist stefndi krefjast þess, þótt hann hafi ekki gagnáfrýjað, að úthlutun arðs í formi afsláttar vegna ársins 1993 verði dæmd ólögleg, og til vara, að hlutur hans í arðinum greiðist honum samkvæmt eignarhluta hans í Olíusamlagi Keflavíkur og nágrennis. Loks krefst stefndi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Endanlegar dómkröfur stefnda í héraði, sem voru í níu liðum, eru teknar orðrétt upp í héraðsdómi. Héraðsdómur sýknaði áfrýjanda af öllum kröfum stefnda utan einni, sem varðar útreikning vaxta á stofnsjóðsinnstæðu stefnda. Stefndi, sem er ólöglærður og flytur mál sitt sjálfur, rekur annað mál fyrir Hæstarétti vegna rekstrarársins 1994, mál nr. 165/1996. Stefndi gagnáfrýjaði dómi héraðsdóms í því máli, en málinu, sem hér er til meðferðar, hefur ekki verið gagnáfrýjað. Stefndi hefur lagt fram í Hæstarétti eina greinargerð fyrir bæði þessu máli. Í umsókn stefnda um leyfi til áfrýjunar dómi héraðsdóms í máli nr. 165/1996 kemur fram, að hann telur ekki nauðsynlegt að áfrýja dómi héraðsdóms í þessu máli, þar sem dómur Hæstaréttar í málinu nr. 165/1996 hefði væntanlega fordæmisgildi um lög-mæti arðgreiðslna vegna ársins 1993.

Faðir stefnda, Guðmundur Guðfinnsson, var meðal stofnenda Olíusamlags Keflavíkur og nágrennis í október 1938, en upphaflegur tilgangur félagsins var aðallega að útvega félagsmönnum olíu á sannvirði. Guðmundur Guðfinnsson andaðist 2. júlí 1987. Stefndi og tvær systur hans, sem veitt hafa honum umboð til þessara málaferla, eru erfingjar að hluta föður síns í félaginu. Deilt er um það meðal annars, hvers eðlis þetta félag sé. Ágreiningur er um úthlutun arðs, sem samþykkt var á aðalfundi áfrýjanda 18. maí 1994 vegna rekstrarársins 1993, svo og útreikning vaxta á hluti samlagsmanna í stofnsjóði.

Samkvæmt 3. gr. samþykkt áfrýjanda geta þeir einir verið félagsmenn, sem reka útgerð og aðra starfsemi, þar sem olíuvörur eru notaðar við reksturinn, og eiga heimili í Keflavík og nágrenni. Starfsemi félagsins takmarkast nú ekki við útvegum á vörum til þessara manna, heldur rekur það einnig víðtækari þjónustu, og hlutabréf í öðrum félögum eru verulegur hluti eigna þess. Um þetta og þróun starfseminnar skortir markvissar upplýsingar. Svo virðist sem faðir stefnda hafi í engum viðskiptum verið við áfrýjanda um árabíl fyrir andlát sitt, og stefndi er ekki viðskiptamaður þess. Ekki liggur ljóst fyrir, hvernig félagsaðild og réttindum stefnda og annarra óvirkra félagsmanna er háttað.

Kröfugerð stefnda í máli þessu er óljós og flókin og erfitt að henda reiður á samhengi málsástæðna. Hefur héraðsdómur teygt sig langt til þess að skýra kröfurnar og leggja á efnisdóm. Í málinu er

um mörg erfið álitæfni að ræða, sem hafa ekki verið skýrð og geta varðað marga miklu. Kröfugerð stefnda er andstæð meginreglum réttarfars um skýran málatilbúnað, sbr. e-lið 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verður ekki komist hjá því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.
